

Lamina Pictures ehf.
Ármúli 40
108 Reykavík

Reykjavík, 5. maí 2023
UST202304-221/P.V.B.
09.08.02

Efni: Umsókn um undanþágu til að keyra utan vega

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Lamina Pictures ehf., dagsett, 24. apríl 2023 með viðbótargögnum 28. apríl 2023, um leyfi til aksturs utan vega við Fagradalsfjall.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að keyra tvær bifreiðar áleiðis að Fagradalsfjalli að útsýnisstað austan við hraunbreiðurnar í Meradölum. Kort sem sýnir fyrirhugaða akstursleið barst 28. apríl 2023. Bifreiðarnar yrðu á 33" tommu dekkjum. Keyrð yrði ein ferð fram og til baka 7. maí 2023.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að verkefni geti haft áhrif á náttúru þess svæðis sem ekið verður um, en hægt er að lágmarka þau áhrif ef neðangreindum skilyrðum er fylgt og þeirri leið sem sýnd er á korti er barst stofnuninni 28. apríl 2023 fylgt.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Lamina Pictures ehf fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstri utan vega við Fagradalsfjall sbr. lýsingu hér að ofan þann 7. maí 2023.

Akstur utan vega vegna verkefnisins er eingöngu heimill vegna flutnings búnaðar en ekki til fólksflutninga.

Leyfið er veitt að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Dekkjastærð ökutækis skal vera að lágmarki 33" tommur. Hleypa skal lofti úr dekkjunum til að auka flot dekkjanna og lágmarka rask á þeim hluta leiðarinnar sem er verst farinn.
- Ökutækjum skal lagt þannig að þau hindri ekki aðkomu viðbragðsaðila og vísindamanna.
- Heimildin nær einungis til aksturs eftir Meradalaleið að þeim tókustað sem tilgreindur er í umsókn umsækjanda en ekki um svæðið að öðru leiti.
- Leyfið gildir einungis fyrir einni ferð fram og til baka.
- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Til að koma í veg fyrir að þáttaröðin hvetji til utan vega aksturs þá er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn. Þess skal gætt við akstur utan vega að hann

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna. Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda þarf fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrtruðu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um akstur utan vega er kr. **57.000**- sbr. 28. gr. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir

sviðsstjóri

Daníel Freyr Jónsson

sérfræðingur